

FÍSOS

Ársskýrsla 2009 – 2010

Guðný Dóra Gestsdóttir

Fundir í stjórn og verkaskipting

Síðasti aðalfundur FÍSOS var haldinn í Skógaskóla föstudaginn 18. september 2009 að viðstöddum 71 félagi. Þá var kjörin ný stjórn og skipti stjórn með sér hlutverkum á fyrsta fundi sínum. Guðný Dóra Gestsdóttir var kjörin formaður, Alma Dís Kristinsdóttir varaformaður, Elfa Hlín Pétursdóttir ritari, Jón Allansson gjaldkeri og Helga Vollertsen meðstjórnandi. Kristín Sóley Björnsdóttir og Pétur Sörensson voru kjörin sem varamenn.

Stjórnin fundaði átta sinnum og oftast í Þjóðminjasafninu utan eitt skipti. Vill stjórnin koma á framfæri þakklæti til Þjóðminjasafnsins fyrir að leyfa okkur að nota fundarherbergið í turninum. Auk hefðbundinna funda hafa stjórnarmenn tekið að sér hin ýmsu verkefni og leyst þau af hólmi ýmist í samráði við aðra FÍSOS féлага eða upp á eigin spýtur. Þá hafa verið mikil samskipti með tölvupósti og margt rætt og leyst með þeim hætti.

Farskólinn

Farskólinn er fastur liður í starfssemi FÍSOS þar sem safnafólk fær tækifæri til að fræðast og hittast til skrafs og ráðagerða. Guðrún Jónsdóttir menningarfulltrúi Borgarbyggðar var skipuð farskólastjóri á aðalfundinum á Skógum og tilkynnt um að farskólinn sem við nú höfum setið yrði á Vesturlandi. Í framhaldinu skipaði stjórn FÍSOS Jón Allansson sem sinn fulltrúa í skólastjórn. Aðrir í nefndinni voru Magnús A. Sigurðsson, Vignir Jóhannsson og Hulda Margrét Rútsdóttir. Stjórn FÍSOS færir farskólastjórninni bestu þakkir fyrir skipulagningu og undirbúning farskóla FÍSOS í Stykkishólmi 2010. Sótt var um verkefnisstyrk til safnaráðs vegna farskólans 2010 og sótti Byggðasafn Borgfirðinga um og fékk úthlutaðar 500.000 kr. til að halda farskólann. Það að skipuleggja farskóla krefst mikils undirbúnings og vinnu. Það þekkja þau ykkar sem þar hafa setið í farskólastjórninni. Legg til að við klöppum hraustlega fyrir farskólastjórninni sem hefur skipulagt þennan farskóla af miklum myndarbrag.

Íslandsdeild Norræna safnmannasambandsins – Skandinavisk Museum Forbund

Á síðasta aðalfundi FÍSOS var lögð fram tillaga um að Íslandsdeild Norræna safnmannasambandsins yrði sér deild innan FÍSOS og að 500 kr af árgjaldi félagsmanna myndi renna til sambandsins. Skipuð var þriggja manna stjórn sem hefur það hlutverk að halda utan um þessi erlendu samskipti, skilgreina reglur og halda utan um styrkveitingar. Í nefndinni sitja Elfa Hlín Pétursdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Helga Lára Þorsteinsdóttir. Haldin var ráðstefna á vegum Norræna

safnmannasambandsins í Færeyjum í vor og var Helga Vollertsen fulltrúi Ísland. Þar flutti hún erindi sem hún mun segja nánar frá undir liðnum önnur mál á þessum aðalfundi.

Vefur FÍSOS og póstlistinn

Vefur FÍSOS á slóðinni safnmenn.is hefur verið í endurskoðun og er því verki ekki lokið. Eftir að ný stjórn tók við var Helga Vollertsen fengin til að vinna að yfirfærslu vefsins yfir í nýtt kerfi og setja upp nýjan vef. Vegna anna hjá Helgu tók Elfa Hlín Pétursdóttir við vefnum og innleiðingu hans í nýtt kerfi. Hún gegnir nú hlutverki vefstjóra. Ákveðið var að greiða fyrir þessa vefumsjón enda um mikið og vandasamt verk að ræða. Það er von stjórnar FÍSOS að vefurinn verði öflugt tæki þar sem finna má upplýsingar um fagleg málefni safna og safnafólks. Umsjón með póstlista safnmanna er ennfremur í höndum vefstjóra. Stjórn FÍSOS hvetur safnafólk til að senda vefstjóra hugmyndir og athugasemdir um það sem betur má fara. Betur sjá augu en auga!

Safnaverðlaunin

Hin íslensku Safnaverðlaun 2010 voru afhent við athöfn að Bessastöðum 11. júlí að viðstöddu fjölmenni.

Íslandsdeild ICOM (Alþjóðarás safna) og Félag íslenskra safna og safnmanna standa saman að íslensku safnaverðlauninum sem veitt eru annað hvert ár safni sem með starfsemi sinni þykir skara fram úr. Dómnefnd útnefnir þá þrjú söfn og velur þau úr innsendum hugmyndum en auglýst var eftir ábendingum frá almenningi, félagasamtökum og fagaðilum. Dómnefndin var skipuð fulltrúum félaganna tveggja og fulltrúa frá því safni sem síðast hlaut verðlaunin. Í ár bárust meira en sjötíu ábendingar. Dómnefndina skipuðu Jón Sigurpálsson forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða sem hlaut safnaverðlaunin 2008, Alma Dís Kristinsdóttir og Íris Ólöf Sigurjónsdóttir voru fulltrúar FÍSOS, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Harpa Þórsdóttir fulltrúar ICOM.

Í ár voru Byggðasafn Skagfirðinga, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og Nýlistasafnið í Reykjavík útnefnd. Val dómnefndarinnar var fjölbreytt og endurspeglaði þau ólíku söfn sem finna má í íslenskri safnaflóru. En eins og kunnugt er hlaut Nýlistasafnið safnaverðlaunin 2010. Forseti Íslands afhenti verðlaunin og hlutu öll söfnin þrjú viðurkenningarskjal. Það er mikilvægt að minna á að stjórn FÍSOS og ICOM líta á tilnefningu til safnaverðlaunanna mikinn heiður þó aðeins eitt safn hljóti verðlaunin sjálf.

Formenn FÍSOS og ICOM lögðu til að dómnefnd ynni í samræmi við vinnureglur sem að vinnuhópur félaganna vann árið 2005. Þá sáu formenn félaganna um alla kynningu, samskipti við forsetaembættið og ýmis önnur verkefni.

Líkt og áður vöktu safnaverðlaunin verðskuldaða athygli og var fjallað all ítarlega um þau söfn sem voru tilnefnd í Ríkisútvarpinu og Morgunblaðinu.

Gildi verðlaunanna sem faglegrar viðurkenningar er ótvírætt og má þar nefna að auk þess sem viðurkenningin er hvatning fyrir þann sem hana hlýtur hvetur hún aðra til að feta í fótspor verðlaunahafans auk þess sem viðurkenning sem þessi vekur athygli umhverfisins.

Endurmenntun

Endurmenntunarnámskeið FÍSOS fóru fram dagana 26. – 27. apríl 2010. Að þessu sinni var boðið upp á námskeið í sýningastjórnun og markaðssetningu. Um 30 félagar sóttu hvort námskeið um sig. Námskeiðin voru unnin í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands. Náðist samkomulag við Endurmenntun um að hagnaður vegna fyrri námskeiða myndi niðurgreiða þessi námskeið. Undirritaður var samningur til tveggja ára milli FÍSOS og EHÍ. Það verður að viðurkennast að undirbúningur vegna námskeiðanna var í styttra lagi og tók undirrituð ásamt Helgu Maureen Gylfadóttur þátt í að undirbúa námskeiðin í apríl. Það er mat stjórnar FÍSOS að endurmenntunarnámskeið safnafólks þurfi að vinna og undirbúa til lengri tíma. Við höfum því sett inn lið undir liðnum önnur mál og köllum þar með eftir umræðum og hugmyndum frá ykkur sem hér sitjið.

Safnahandbókin

Í sumar kom safnabókin út. FÍSOS lagði fram faglega ráðgjöf vegna útgáfu bókarinnar og lagði áherslu á að faglega yrði unnið að söfnun upplýsinga og að öll söfn yrðu skráð með grunnskráningu þeim að kostnaðarlausu. Talsverð vinna var við að fara yfir skráningar. Framkvæmdastjóri Safnaráðs og Þjóðminjavörður lögðu einnig umtalsverða vinnu fram við að fara yfir skráningar í bókinni. Safnabókin er unnin af einkaaðila en bæði safnaráð og FÍSOS veittu faglega ráðgjöf. Stjórn FÍSOS var ánægð með þessa fyrstu bók og lítum við á hana sem fyrsta skrefið að frekari útgáfu. Við viljum að safnabókin geti orðið öflugt kynningarrit fyrir söfnin í landinu. Þá lagði stjórnin áherslu á að bókinni yrði dreift sem víðast. Þessi fyrsta bók er ekki fullkomin og hefði ýmislegt mátt betur fara. Við óskum því eftir því við safnafólk að það komi athugasemdum sínum og hugmyndum á framfæri.

Stjórn FÍSOS sendi sveitastjórnarfólki safnabókina ásamt bréfi sem dreift er núna þessa daga sem við erum í Stykkishólmi á sveitastjórnarráðstefnu á Akureyri. Jafnframt munum við senda bókina til fulltrúa þeirra nefnda sem fjalla um safnamál í sveitarfélögum landsins. Með þessu bréfi vildum við vekja athygli á safnastarfi og benda á mikilvægi þess að standa vörð um menningararfinn. Stjórn FÍSOS lítur á það sem sitt hlutverk að vekja athygli á öflugum safnastarfi í landinu. Það gerum við m.a. með að vekja athygli almennings og stjórnvalda á söfnum og safnastarfi.

Vistun gagna frá FÍSOS

Talsverð umræða hefur verið um vistun gagna í stjórn FÍSOS. Frá því félagið var stofnað hefur safnast saman talsvert af gögnum sem mikilvægt er að safna saman. Um farskóla, fundargerðir, bréf, safnaverðlaun, endurmenntun og fleira. Safnaráð hefur veitt FÍSOS leyfi til að varðveita þau gögn sem félagið hefur þegar fundið. Um er að ræða eina möppu frá Ölmum Dís. Við viljum hvetja þau ykkar sem hafið gögn undir höndum að koma þeim til stjórnar FÍSOS til varðveislu. Þá er það sýn okkar að vefurinn geti ennfremur nýst sem gagnageymsla fyrir gögn félagsins.

Útgáfumál

Á síðasta aðalfundi var talsvert rætt um útgáfumál á vegum FÍSOS. Rætt var um að þörf væri á að safnafólk hefði faglegan vettvang fyrir greinar, rannsóknir og önnur mál sem tengjast faglegum málefnum safna. Stjórnin hefur farið yfir þau mál og ráðfært sig við ýmsa aðila. Það er fyrst og fremst kostnaður sem stendur í vegi fyrir að FÍSOS komi sjálfst að úgáfu en hins vegar eru nokkur tímarit kjörinn vettvangur fyrir greinar tengdar safnamálum. S.s. Ritið, Sagan, TMM, Skírnir og Nordisk Museology. Stjórn FÍSOS leggur til við félagsmenn að þeir nýti sér þennan vettvang. Þá vill stjórnin jafnframt benda á vef safnmanna fyrir útgefnar greinar.

Sögunefnd

Þá hafa hugmyndir um að koma á laggirnar sögunefnd um FÍSOS og farskólann. Stjórnin ákvað að senda skorarformönnum í safnafræði, hagnýtri menningarmiðlun og sagnfræði erindi sem greinir frá hugmyndum um ritun félagsins og óska eftir því að þeim verði komið á framfæri við nemendur.

Við viljum að lokum vekja athygli á að fundargerðir stjórnar FÍSOS eru aðgengilegar á vefnum okkar, safnmenn.is

Félag íslenskra safna og safnmanna er áhugamannafélag. Engar nefndir eða stjórnir á vegum FÍSOS eru launaðar. Segja má að það sé til marks um þann grasrótargang sem þetta félag byggir á. Í raun er það merkilegt að félagið hafi haldið út eins öflugum og faglegu starfi og raun ber vitni frá því það var stofnað. Það má því velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé kominn tími á að félagið fái manneskju í hlutastarf til að framkvæma hin margvíslegu viðvik sem sinna þarf svo vel sé?

Að lokum þakka ég safnmönnum gott og gefandi samstarf á liðnu ári.